

FORSETA BRÉF**30**

um þinglausnir og þingrof.

29. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Störfum Alþingis, 64. löggjafarþings, er nú að verða lokið og mun ég því slíta Alþingi í dag, mánudaginn 29. apríl 1946.

En jafnframt mæli ég svo fyrir, að Alþingi, sem nú situr, skuli rofið frá þeim degi að telja, er almennar kosningar til Alþingis fara fram á þessu ári.

*Ritað í Reykjavík, 29. apríl 1946.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.***FORSETA BRÉF****31**

um almennar kosningar til Alþingis.

29. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef með bréfi, dagsettu í dag, rofið Alþingi frá þeim degi að telja, er almennar alþingiskosningar fara fram á þessu ári, og því mæli ég svo fyrir, að almennar kosningar til Alþingis skuli fram fara sunnudaginn 30. júní 1946.

*Ritað í Reykjavík, 29. apríl 1946.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.***L Ö G****32**

um Austurveg.

23. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nýjan veg skal leggja af Suðurlandsbraut hjá Lækjarbotnum um svo nefnd Þrengsli, um Lambafells- og Eldborgarhraun ofan við Hjalla, niður í Ölfus hjá Þurá um Ölfusmýrar að Selfossi.

Gagngerðar endurbætur skal gera á núverandi vegi frá Reykjavík að Lækjarbotnum.

32

23. apríl

2. gr.

Vegagerð alla samkvæmt 1. gr. skal miða við, að tryggðar verði sem hagkvæmast og með mestu öryggi samgöngur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. Skal þess sérstaklega gætt um legu vegarins og gerð, að hann verjist sem best snjó.

3. gr.

Veginn skal fullgera með slitlagi úr steinsteypu.

4. gr.

Skal fyrst leggja kaflann frá vegamótum núverandi Suðurlandsbrautar í miðju Svínahrauni um Þrengsli að vegamótum Selvogsvegur hjá Þurá í Ölfusi. Skal kafli þessi fyrst í stað gerður sem malarvegur.

5. gr.

Skal miða framkvæmdir við, að vegurinn verði allur fullgerður á næstu 7 árum, enda verði nægilegt vinnuafli fánlegt svo og stórvirkar vinnuvélar.

6. gr.

Til framkvæmda samkvæmt lögum þessum heimilast ríkisstjórninni að taka lán allt að 20 millj. kr.

7. gr.

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og nefnast Austurvegur.

8. gr.

Núverandi þjóðvegur frá Svínahrauni neðanverðu og austur yfir Hellsheiði skal numinn úr tölu þjóðvega, þegar tilsvarendi kafli Austurvegur er fullger.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 25 23. júní 1932, um nýjan veg frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.